

1. Símaforrit Arion Banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík (hér eftir nefndur „**bankinn**“), gerir þér, hvort sem um einstakling eða lögaðila er að ræða (hér eftir „**notandi**“), kleift að annast öll helstu bankaviðskipti í símanum (hér eftir nefnt „**Appið**“). Um Appið gilda notkunarskilmálar þessir, sem notandi samþykkir með innskráningu og notkun á Appinu, en notandi getur einnig þurft að samþykkja sérstaka skilmála um tiltekna aðgerðir í Appinu s.s. fyrir snertilausar greiðslur. Appið er notanda að kostnaðarlausu, en um þjónustu þá sem bankinn býður upp á gilda að öðru leyti almennir viðskiptaskilmálar Arion banka og almennir skilmálar Arion banka um innlánsreikninga, verðskrá og vaxtatafla á hverjum tíma og teljast vera hluti samnings þessa. Þá teljast þau ákvæði skilmála þessa sem falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu vera hluti rammisamnings milli notanda og bankans. [Almenna viðskiptaskilmála](#), [innlánskilmála](#), [verðskrá](#) og [vaxtatóflu](#) má nálgast á vef bankans [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is).
2. Við nýskráningu með rafrænum skilríkjum mun bankinn afhenda notanda notandanafn og aðgangsorð (leyniorð) sem er notað til að skrá sig inn í Appið og netbanka Arion banka. Notanda ber skylda til að halda aðgangsorði og persónubundnum öryggisþáttum leyndum og ekki undir neinum kringumstæðum deila þeim með öðrum. Notanda er jafnframt óheimilt að veita öðrum aðgang að Appinu með notandanafni, aðgangsorði og auðkenni. Bankinn getur einhliða ákveðið að breyta innskráningarleiðum inn í Appið svo sem með því að heimila eingöngu innskráningu með rafrænum skilríkjum.
3. Innlánsreikningar notanda eru tengdir við Appið. Um þá reikninga gilda almennir skilmálar Arion banka um innlánsreikninga. Kreditkort, útlán og innheimtukröfur tengd kennitölu notanda eru jafnframt birt í Appinu. Þá getur notandi einnig virkjað kort fyrir snertilausar greiðslur í símtæki í Appinu. Óski notandi þess, er hægt að tengja aðra þjónustupætti við Appið sem eru í boði hverju sinni.
4. Auk almennra upplýsinga sem notanda eru aðgengilegar í Appinu eru allar fjárhagslegar upplýsingar svo og millifærslur takmarkaðar við skráð notandanafn og ef við á, notandanafn umboðshafa. Óski notandi þess getur hann fengið fleiri en eitt notandanafn og aðgangsorð (leyniorð) með misviðtækum aðgangsheimildum. Notandi getur veitt umboðshöfum á reikningum í Arion banka aðgang að viðkomandi reikningum í Appinu til að framkvæma fjárhagslegar færslur svo sem prókúruhöfum á reikningum ef um lögaðila er að ræða.
5. Notandi ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru eftir að Appið hefur verið virkjað, hvort sem það er með innskráningu með notandanafni og aðgangsorði eða rafrænum skilríkjum, þ.á.m. eru allar fjárhagslegar færslur alfarið á ábyrgð notanda. Samþykki notanda á skilmálum þessum jafngildir undirskrift fyrir þær færslur sem notandi gerir í Appinu, enda hafi notandi auðkennt sig við innskráningu í Appið. Jafnframt gildir það sama um færslur sem notandi gerir samkvæmt skriflegu umboði. Það er því mikilvægt að notandi hugi að öryggi Appsins, meðal annars með því að sjá til þess að notkun hans á Appinu samræmist skilmálum þessum. Bankinn vekur sérstaka athygli á því að eftir að notandi hefur innskráð sig í Appið er mögulegt að framkvæma greiðslur í Appinu án þess að auðkenning með hefðbundnum varúðar- og öryggisráðstöfunum fari fram í hvert skipti.
6. Til að vernda þau gögn sem eru aðgengileg um notanda í Appinu og koma í veg fyrir að annar en notandi noti Appið er því læst með leyninúmeri sem notandi velur og aðeins notandi á að hafa vitneskju um. Aflæsing Appsins með leyninúmerinu jafngildir auðkenningu á notanda. Mikilvægt er að leyninúmerið sé ekki það sama og er notað til að heimila millifærslur. Bankinn mælir einnig með því að notandi auki við öryggi gagna í símanum með því að virkja læsingu á sjálfum símanum.
7. Ef notanda grunar að einhver hafi vitneskju um leyninúmer notanda í Appið er það á ábyrgð notanda að breyta leyninúmerinu eða loka fyrir aðgang sinn að því. Mögulegt er að breyta leyninúmerinu í Appinu.
8. Aðeins er heimilt að setja Appið upp á símtæki sem er í eigu eða í umsjá notanda. Ef notandi lánar, selur eða heimilar öðrum umráð yfir símtæki sem sótt hefur Appið, skuldbindur notandi sig til þess að útskrá notanda úr Appinu áður en símtækið er afhent öðrum.
9. Þeir skilmálar sem varða þá þjónustu og viðskipti sem notandi á við bankann gilda einnig um notkun þjónustunnar eða viðskipti hans við bankann í gegnum Appið.
10. Bankinn mun senda notanda skilaboð/tilkynningar (e. notifications) í Appið sem varða notkun á þeirri þjónustu sem er í boði hverju sinni, svo sem vegna; innborgana, ef framvirk greiðsla tekst ekki, FIT færslna og nýrra ógreiddra reikninga. Tilkynningarnar eru sjálfvaldar í upphafi en notandi getur farið í stillingar og breytt eða afskráð sig úr þjónustunni. Bankinn kann að fjarlægja, breyta eða bæta við tilkynningum án samþykkis frá notanda. Þá ber bankinn enga ábyrgð á því ef tilkynningar berast notanda ekki eða of seint.

11. Bankinn áskilur sér allan rétt til að ákvarða einhliða þá þjónustu sem er í boði í Appinu á hverjum tíma og auka hana eða minnka og rjúfa aðgang að upplýsingum um stundarsakir fyrirvaralaust og án tilkynningar ef þörf krefur, svo sem vegna uppfærslu skráa, breytinga kerfis og þess háttar.
12. Með aðgangi að Appinu eða netbanka getur notandi hlaðið inn (e. upload) og í Appinu tekið ljósmyndir af greiðslukvittunum og tengt við færslur. Jafnframt býður bankinn upp á að skila ljósmyndum af greiðslukvittunum ásamt skýringum inn í bókhaldskerfi notanda eða þjónustuaðila sem beintengd eru kerfum bankans með B2B tengingu (einnig nefnd „beintenging við bókhald“) í gegnum Appið og netbanka, en um B2B tengingar gilda skilmálar samnings um stofnun til viðskipta við Arion banka hf. Ef notandi nýtir sér framangreinda þjónustu hvílir ábyrgð til að haga bókhaldi og geymslu rafrænna gagna í samræmi við lög og reglur þar að lútandi alfarið á notanda. Áskilur bankinn sér þó rétt til þess að geyma slík gögn í tvö ár frá og með þeim degi sem þeim er hlaðið inn í Appið eða netbanka, en að þeim tíma liðnum áskilur bankinn sér rétt til að eyða gögnunum.
13. Mikilvægt er að notandi kynni sér áhrif þeirra aðgerða sem notandi ætlar að framkvæma í Appinu ef hann þekkir ekki til þeirra eða er óviss um hvað felst í þeim. Bankinn verður ekki gerður ábyrgur fyrir eftirfarandi: a) tjóni sem hlotist getur af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða annars aðila með eða án hans umboðs á notkunarreglum Appsins, b) tjóni sem hlotist getur af vél- og tölvubúnaði, forriti eða þjónustu Appsins, c) tjóni sem hlotist getur af röngum færslum notanda eða annars aðila með eða án umboðs, d) tjóni sem hlotist getur af vanþekkingu, misskilningi, misnotkun eða röngum færslum þínum eða annars aðila þegar um er að ræða aðgerðir samkvæmt umboði frá öðrum aðila, e) tjóni sem hlotist getur af galla eða bilun í vél- eða hugbúnaði til móttöku á þjónustu Appsins, f) tjóni sem hlotist getur vegna upplýsinga eða aðgerða þriðja aðila, s.s. Reiknistofu Bankanna eða Creditinfo Lánstrausts hf.
14. Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af óviðráðanlegum orsökum (force majeure), s.s. stríði eða yfirvofandi stríðsátökum, hryðjuverkum, náttúruhamförum, farsóttum, verkfalli, verkbanni eða viðskiptabanni. Jafnframt ber bankinn ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af atburðum sem eru stjórn málalegs, félagslegs, fjármálalegs eða efnahagslegs eðlis og eru líkleg til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu sem bankinn veitir, jafnvel þó að slík atvik flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik. Þá ber bankinn ekki ábyrgð á tjóni sem kann að hljóta af vegna lagaskyldna sem bankanum ber að fylgja.
15. Notandi skuldbindur sig til þess að allir þeir fjármunir sem fara í gegnum Appið eru fjármunir notanda eða umboðsgjafa hans. Notandi skuldbindur sig til þess að tilkynna bankanum skriflega ef einhverjir þeir fjármunir sem hann hefur eða kemur til með að afhenda bankanum eru ekki í eigu hans sjálfs eða umboðsgjafa hans. Skylda þessi er tilkomin vegna ákvæða laga og reglna og um aðgerðir gegn peningabætti.
16. Ef notandi sendir beiðni í Appinu um gjaldeyrisyfirfærslu þá skuldbindur notandi sig til að hlíta í einu og öllu ákvæðum laga um gjaldeyrismál, svo og reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Notandi skal gæta fyllsta öryggis við framkvæmd gjaldeyrisyfirfærslna m.a. með tilliti til svika og netögna.
17. Notandi greiðir fyrir þjónustu í Appinu skv. verðskrá bankans hverju sinni, sem verður skuldfærð af reikningi notanda. Skuldfært er fyrsta virka dag næsta mánaðar á eftir. Ofangreindar skuldfærslur koma fram á reikningsyfirliti skuldfærslureiknings. Notandi skal gera athugasemdir við reikningsfærslu innan 30 daga frá greiðslu. Notandi hefur að hámarki 13 mánaða frest til að gera athugasemdir en sá frestur á eingöngu við hafi bankinn ekki gert reikningsyfirlit aðgengilegt fyrir notanda.
18. Dagleg hámarks úttektarheimild einstaklinga í Appinu og netbanka Arion banka er sameiginlega kr. 10.000.000,- og mánaðarleg hámarks úttektarheimild kr. 30.000.000,-. Dagleg hámarksheimild lögaðila er kr. 1.000.000.000,- á innlendar greiðslur og kr. 100.000.000,- á erlendar greiðslur. Notandi getur óskað eftir því að daglegri og/eða mánaðarlegri hámarksúttektarheimild verði breytt. Greiðslufyrirmæli í Appinu sem samrýmast ekki framangreindum úttektarheimildum eru ekki framkvæmd.
19. Ef notandi verður uppvís að misnotkun eða tilraun til misnotkunar á upplýsingum sem fengnar voru í Appinu eða á kerfinu sjálfu eða brýtur ákvæði skilmála þessa að öðru leyti er bankanum heimilt einhliða og fyrirvaralaust að rjúfa aðgang notanda að Appinu. Reynist notandi ekki hafa brotið gegn þessum reglum verður opnað aftur fyrir aðganginn.

20. Til þess að hægt sé að veita notanda þá þjónustu sem er í boði í Appinu er bankanum nauðsynlegt að vinna með ýmiss konar persónuupplýsingar um notanda í Appinu. Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga er að finna í persónuverndaryfirlýsingu bankans sem finna má á vef bankans. Þá vinnur bankinn jafnframt með persónuupplýsingar viðskiptavina með þeim hætti sem lýst er í almennum viðskiptaskilmálum bankans.
21. Ef notandi nýtir sér þjónustuna *Fjármál heimilanna* sem í boði er í Appinu veitir bankinn notanda heildaryfirsýn yfir þá bankareikninga sem notandi hefur valið og greinir hvernig notandi nýtir þjónustu og vörur bankans sem og annarra fjármálafyrirtækja út frá þeim upplýsingum sem notandi flytur til bankans. Með þessu móti getur bankinn enn frekar bætt þjónustu- og vöruframboð til notanda.
22. Öll samskipti frá símtæki til bankans eru dulkóðuð. Arion Banki mælir einnig með að virkjuð sé læsing á sjálfum símanum þar sem það eykur öryggið.
23. Notkun Appsins er óheimil ef átt hefur verið við stýrikerfi viðkomandi símtækis eða öryggi þess er ógnað af öðrum ástæðum, svo sem vegna uppsetningu á vafasömu forriti.
24. Bankanum er almennt heimilt að segja upp þjónustu Appsins við notanda með að minnsta kosti tveggja mánaða fyrirvara. Sé notandi lögaðili er bankanum heimilt að segja upp þjónustu Appsins án fyrirvara. Ef notandi brýtur gegn skilmálum þessum eða öðrum skilmálum sem notandi hefur samþykkt gagnvart bankanum er bankanum heimilt að loka fyrir aðgang notanda að Appinu fyrirvaralaust og án tilkynningar. Hið sama á við ef notandi verður uppvís að misnotkun eða tilraun til misnotkunar á upplýsingum sem aðgengilegar eru í Appinu eða á kerfinu sjálfur, vegna óvæntra bilunar í vél- og hugbúnaði eða af öryggisástæðum, eða ef bú notanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, hann leitar nauðsamninga, greiðslustöðvunar eða önnur sambærileg atvik eiga við. Þá er bankanum jafnframt heimilt að loka aðgangi notanda ef aðgangur hans að Appinu hefur verið óvirkur í samfelld 3 ár eða lengur. Á meðan viðskiptasamband varir kann bankinn að fara fram á frekari upplýsingar eða að notandi uppfæri eða staðfesti viðeigandi upplýsingar. Bankinn áskilur sér allan rétt til að takmarka eða loka fyrir þá þjónustu sem Appið veitir ef upplýsingar eru ekki veittar innan tilskilins frests.
25. Bankanum er heimilt að breyta skilmálum þessum einhliða hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara ef þær eru til hagsbóta fyrir notanda. Séu breytingarnar ekki til hagsbóta verður notanda tilkynnt um þær í samræmi við ákvæði almennra viðskiptaskilmála bankans, svo sem með skilaboðum í netbanka Arion banka eða Appið. Í slíkri tilkynningu skal vakin athygli á því í hverju breytingarnar felast og á rétti notanda til að segja samningi upp. Geri viðskiptavinur ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar fyrir gildistöku þeirra telst hann hafa samþykkt þær. Almennar tilkynningar frá bankanum til notanda eru birtar notanda í Appi, í gegnum SMS, tölvupóst, netbanka eða á heimasíðu bankans í samræmi við gildandi lög og skilmála bankans.
26. Notandi hefur rétt til að falla frá þjónustu um notkun Appsins, án greiðslu kostnaðar og án þess að tilgreina nokkra ástæðu, enda sendir notandi tilkynningu þar að lútandi til bankans innan 14 daga frá því að notandi samþykkti skilmála þessa. Mun bankinn þá loka fyrir aðgang notanda að Appinu.
27. Allar tilkynningar til bankans skal senda á netfangið [arionbanki@arionbanki.is](mailto:arionbanki@arionbanki.is) eða hringja í þjónustuver bankans í síma 444-7000.
28. Notandi getur ávallt nálgast skilmála þessa í Appinu og á heimasíðu bankans.
29. Notandi Appsins skal nota það í samræmi við gildandi skilmála þess. Notanda ber að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir, sbr. ákvæði skilmála þessara, til að tryggja persónubundna öryggisþætti (auðkenningu) notanda í Appinu. Notandi skal án óþarfa tafar tilkynna bankanum um það, verði hann var við óheimila notkun á Appinu.
30. Greiðslur sem framkvæmdar eru eftir kl. 21:00 að íslenskum tíma kunna að verða afgreiddar næsta virka bankadag. Komi greiðsludagur upp um helgi eða á frídegi greiðist fjárhæðin næsta virka bankadag.
31. Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
32. Með því að skrá sig inn í Appið staðfestir notandi að hafa kynnt sér þær reglur sem gilda um notkun Appsins og staðfestir að hann muni fylgja þeim í hvívetna.
33. Starfsemi bankans lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og er bankinn skráður í hlutafélagaskrá, fyrirtækjaskrá, firmaskrá og skrá Fjármálaeftirlitsins. Um hluta af þeirri þjónustu sem bankinn veitir aðgang að í Appinu gilda lög um greiðsluþjónustu og þá gilda lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu um þá fjarsölusamninga sem gerðir eru milli notanda og bankans í Appinu.

Skilmálar þessir gilda frá 2. september 2024.